



## LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **2016-005F001**

Dags: **10. febrúar 2016**

Staður: **Reykjavíkurlugvöllur**

Lýsing: **Hlekkist á í landingu**

Flugnemi í einliðaflugi var á kennslflugvélinni TF-FGB, sem er af tegundinni Diamond DA-20, í aðflugi að Reykjavíkurlugvelli (BIRK).

Flugneminn uppgötvaði úti fyrir Örfirisey að hann var of hátt og of hratt (um 100 hnútar) í aðfluginu og dró því af hreyflinum, setti flapa í flugtaksstöðu (FLAP T/O) og lækkaði flugið.



Flugneminn fór því næst yfir gátlista og sá í kjölfarið, á þverlegg fyrir flugbraut 13, fjögur rauð PAPI ljós. Það gaf til kynna að flugið væri of lágt inn til landingar. Á sama tíma uppgötvaði flugneminn að flughraði hans væri ennþá of hár (um 90 hnútar). Flugneminn jók afl til hreyfilsins, til þess að hækka flugið, og beygði inn á lokastefnu. Á lokastefnunni var hraði flugvélarinnar enn of mikill, eða um 85 hnútar.

Flugneminn ákvað þá að lenda með flapa í flugtaksstöðu, í stað landingarstöðu, og lenda flugvélinni á hærri landingarhraða (um 80 hnútar), en æskilegur landingarhraði með flapa í landingarstöðu er 60 hnútar.



Í landingunni skoppaði flugvélin aftur á loft og flugneminn leiðrétti með því að ýta stýri fram og lenti aftur. Við þetta skoppaði flugvélin endurtekið aftur á loft, með leiðréttingu flugmanns inn á milli, með þeim afleiðingum að skoppið varð sífellt meira. Að sögn vitnis urðu skoppin um 5-6 talsins.

Flugneminn hugsaði um að fara í fráhrarfsflug, en þar sem ofrisflautan fór í gang þorði hann ekki að hefja fráhrarfsflug. Flugneminn gat ekki sagt til um hvort að flugvélin hefði komið fyrst niður á nefhjólíð í skoppunum.

Að endingu brotnaði nefhjólsleggurinn, rétt ofan við nefhjólíð, með þeim afleiðingum að loftskrúfan fór í flugbrautina og brotnaði og flugvélin stöðvaðist í kjölfarið á flugbrautinni.

Við rannsóknina kom í ljós að í verklegri kennslu til einkaflugmanns (PPL) er nemendum flugskólans kennt að tosa stýri að sér ef flugvél fer að skoppa í landingu. Farið hafði verið yfir slík viðbrögð með flugnemanum í verklegu kennslunni. Flugnemanum láðist hins vegar að fylgja þeim leiðbeiningum þegar flugvélin fór að skoppa í landingunni.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 31. desember 2016.